

## Rörkæðufundur 2019: Breytingaákvæði stjórnarskrár Skýrsla bls. 53-65; Viðauki bls. 28-35

Í umræðum um breytingaákvæði stjórnarskrár gætti tveggja viðhorfa til stjórnarskrár almennt í upphafi umræðna. Annars vegar þeirrar afstöðu að stjórnarskráin þyrfti að endurspegla viðhorf samtímans hverju sinni, hins vegar að stjórnarskráin ætti að vera hafin yfir stundarpólitik og stundarviðhorf og breytingar á henni ættu sem sjaldnast að vera nauðsynlegar.

Yfir 90% þátttakenda voru á þeirri skoðun fyrir og eftir fund að stjórnarskrárbreytingar mættu ekki vera svo auðveldar að stjórnmalaflokkar gætu notfært sér tímabundna stöðu sína til að ná fram stjórnarskrárbreytingum. Á hinn bóginn voru um 70% þátttakenda á þeirri skoðun fyrir fundinn og eftir hann – þ.e. sögðust frekar, mjög eða fullkomlega sammála því – að breytingar á stjórnarskrá mættu ekki heldur vera flóknari en svo að stjórnarskráin næði að endurspegla ný viðhorf.

Almennt má segja að ekki hafi orðið verulegrar óánægju vart með núgildandi breytingaákvæði. 67% voru hlynnt því að áfram þyrfti samþykki tveggja þinga til að stjórnarskrárbreyting gæti tekið gildi fyrir fundinn, en breyting á því viðhorfi á fundinum var ekki marktæk.

Segja má að líflegustu umræðurnar hafi orðið um nauðsyn þess að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá, en yfirgnæfandi stuðningur var við það – 75% sögðust hlynnt því fyrir fundinn og breyttist það ekki svo marktækt sé.

Efasemdir um að leyfa ætti þingi að gera breytingar á stjórnarskrá í einu lagi voru verulegar. 19% lýstu sig fylgjandi því fyrir fundinn að Alþingi gæti breytt stjórnarskrá í einu lagi ef aukinn meirihluti (2/3) styddu breytinguna, en aðeins 14% voru á þessari skoðun eftir fundinn. Rúm 40% töldu að Alþingi ætti að geta breytt stjórnarskrá í einu lagi ef yfirgnæfandi meirihluti (5/6) styddi það og varð ekki marktæk breyting á fundinum hvað það varðar.

Í umræðum hópanna kom sú skoðun fram mjög eindregið að almenningur ætti alltaf að koma að breytingum á stjórnarskrá en ein leið til að tryggja það væri að þjóðaratkvæðagreiðsla væri alltaf áskilin. Það verður ekki lesið út úr niðurstöðum kannana fyrir og eftir fundinn hvort fólk telur þjóðaratkvæðagreiðsluna nauðsynlega til viðbótar við tveggja þinga fyrirkomulag, eða hvort samþykki eins þings og svo þjóðaratkvæðagreiðsla ætti að nægja til þess að breyting á stjórnarskrá gangi í gildi. Hins vegar kemur greinilega fram í umræðum að margir þátttakenda sjá þjóðaratkvæðagreiðslu sem valkost við samþykki seinna þingsins.

Umræður urðu einnig talsverðar um gagnsemi þess að Alþingi hefði heimild til að gera breytingar á stjórnarskrá sem væru smávægilegar og óumdeildar – þá með samþykki 5/6 hluta þingmanna. Ástæður þess að þátttakendur virtust hafa efasemdir um slíkt fyrirkomulag voru nokkrar. Ein þeirra vantraust á þinginu og stjórnmalaflokkum, en þó bar ekki síður á því viðhorfi að aðkoma þjóðarinnar yki líkur á að almenningur kynnti sér stjórnarskrána og tengdi við hana. Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrá gæti því haft uppbyggilegt hlutverk jafnvel þótt um óumdeildar breytingar væri að ræða. Þannig var 81% frekar, mjög eða fullkomlega sammála því að þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auki skilning almennings á stjórnarskrá og hlutverki hennar fyrir fundinn, 91% eftir fundinn.

Þá var kom sú skoðun mjög skýrt fram bæði í könnunum fyrir og eftir fund að stjórnarskrárbreytingar ættu alltaf að endurspegla almenna sátt í samfélaginu – ekki ætti að gera breytingar á stjórnarskrá sem stór minnihluti væri andvígur eða gengi gegn réttindum einstaklinga innan ákveðinna þjóðafélagshópa. Fyrir fund kváðust 92% vera frekar, mjög eða fullkomlega sammála því að um stjórnarskrárbreytingar þurfi að ríkja almenn sátt meðal landsmanna.